

Sóknaráætlun

fyrir Norðurland eystra 2013

Febrúar 2013

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Stöðumat – staðan í landshlutanum árið 2012	2
Fólksfjöldi og þéttleiki byggðar	3
Atvinnuástand	5
Innviðir.....	7
Atvinnustarfsemi	7
Samantekt og niðurstöður.....	9
Framtíðarsýn	10
Stefna í helstu málum.....	10
Verkefnatillögur samráðsvettvangs	11
Verkefni	12
Atvinnumál og nýsköpun/markaðsmál	12
Menntamál	14
Fjölmiðlun – snertir alla þætti	15
Menningarmál	16
Yfirlit yfir tillögur um forgangsverkefni frá fundi samráðsvettvangs	18

Inngangur

Eftirfarandi er yfirlit um stöðu og framtíðarsýn fyrir starfssvæði Eypings út frá ramma um sóknaráætlanir landshluta innan stefnumörkunarinnar Ísland 2020. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2012 sameiginlegan skilning Stjórnarráðsins að útfærslu sóknarráætlana landshluta á grundvelli fyrrnefndrar stefnumörkunar. Sóknaráætlanir landshluta fela í sér nýtt verklag. Mikilvægur þáttur í því er samráðsvettvangur til að móta framtíðarsýn og tillögur fyrir landshlutann. Þó að í sóknaráætunum landshluta sé ætlað að horfa til ársins 2020 hefur verið ákveðið að líta á árin 2013-2015 sem reynslutímabil þar sem verklagið verður reynt. Ríkisstjórnin samþykkti 400 m.kr. fjárveitingu í verkefnið þetta fyrsta tilraunaár. Þeirri upphæð var skipt milli átta landshlutasamtaka sveitarfélaga sem hafa umsjón með verkefninu. Í hlut Eypings koma 50.595.000 kr. Fyrir var lagt að nýta þessa fjármuni í verkefni sem ekki eru falin öðrum með lögum og fyrst og fremst til eftirfarandi málaflokka:

- Atvinnumál og nýsköpun
- Mennta- og menningarmál
- Markaðsmál.

Á grundvelli þessa var unnið í samráðsvettvangi Eypings sem kom saman til fundar þann 4. febrúar 2013.

Í umfjöllun um stöðu Eypingssvæðisins er stuðst við stöðugreiningu Byggðastofnunar, sem var gefin út í lokadrögum í 12. desember s.l. Jafnframt er stuðst við úttekt um vinnuaflopp á Norðurlandi eystra sem gefin var út af Vinnumarkaðsráði Norðurlands eystra í júní 2012, ásamt nýrri úttektum sem kynnt voru af Soffíu Gísladóttur forstöðumanni Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra á fundi samráðsvettvangs Eypings vegna Sóknaráætlunar 2020. Ennfremur er stuðst við umræðu meðal heimamanna, sem nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

Vinna við þessa áætlun hófst með formlegum hætti í desember síðastliðnum, þar sem stjórn Eypings setti fram verkáætlun og meginmarkmið sem höfð yrðu að leiðarljósi í mótun áætlunarinnar. Í janúar s.l. var unnið að stöðugreiningum á vegum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Sú greining var m.a. unnin með þátttöku aðila á viðkomandi svæðum. 23. janúar s.l. fór fram úrvinnsla á stöðugreiningum og hinn 4. febrúar s.l. fór fram fundur samráðsvettvangs sem stofnað var til í þeim tilgangi að fá fram sjónarmið á svæðinu um nauðsynlegar áherslur og verkefni í sóknaráætlun. Alls voru á fundinum 55 manns alls staðar að af svæðinu bæði fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga, stofnana, nemenda og annarra hagsmunaaðila á svæðinu. Fundinum og úrvinnslu í framhaldi af honum var stýrt af Bjarna Snæbirni Jónssyni ráðgjafa. Lokafrágangur þessarar skýrslu hefur verið í höndum Bjarna og Péturs Þórs Jónassonar framkvæmdastjóra Eypings.

Á fundinum voru lagðar tiltekna línur um áherslur í verkefninu sem dregið var saman í eftirfarandi meginatriði:

- **Vel skilgreind sameiginleg markmið** sem bæði snúa að vali á verkefnum, en ekkert síður hugmyndum um að stækka kökuna fá fleiri að borðinu og gera meira úr því takmarkaða fjármagni sem liggur fyrir

- **Að í forgrunni væru skýrir sameiginlegir hagsmunir** þar sem áhersla væri á að kortleggja stóru myndina og tryggja heildarhagsmuni svæðisins. Meginmarkmiðið væri að styrkja landshlutann og gera hann betur í stakk búinn að takast á við framtíðina
- **Styrkja rödd svæðisins** út á við með öflugri fjölmiðlun og upplýsingaveitu sem um leið mundi styrkja sjálfsmynd svæðisins og íbúa þess og stuðla að auknum skilningi bæði innbyrðis og gagnvart stjórnvöldum og hagsmunaaðilum
- **Finna lausnir fyrir landshlutann í heild** sem leiðir til hagræðingar og aukinnar samkeppnisfærni bæði að því er varðar framleiðslustarfsemi og áhuga á að búa á svæðinu og heimsækja það

Mikið efni liggur fyrir eftir þá umræðu sem fram hefur farið bæði á vegum atvinnuþróunarfélaganna og á vettvangi samráðsins, sem er til nánari athugunar eftir þörfum. Hér verður hins vegar leitast við að draga fram aðalatriði umræðunnar og hvernig þau tengjast þeim verkefnum sem lagt er til að ráðist verði í á fyrstu stigum áætlunarinnar.

Það liggur fyrir, að landfræðilega er Eyþingssvæðið bæði víðáttumikið og afar mismunandi að því er varðar náttúru og búsetuskilyrði. Svæðið er allt frá því að vera þéttbýli með fjölþætta atvinnustarfsemi og þjónustu á við það sem best gerist hér á landi í einangruð jaðarsvæði sem sum eiga erfitt uppdráttar og óvissa framtíð að óbreyttu. Þess vegna eru ofangreind markmið sem Samráðsvettvangurinn setti fram afar mikilvæg og þau verkefni sem sett eru fram hér taka mið af.

Stöðumat – staðan í landshlutanum árið 2012

Það stöðumat sem sett er fram hér byggist að mestu leyti á skýrslu Byggðastofnunar útg. 12.12. 2012¹, en jafnframt er, eins og áður segir stuðst við skýrslu Vinnumarkaðsráðs Norðurlands eystra frá júní 2012 og ýmsar nýrri upplýsingar frá Vinnumálastofnun og úr umræðum á svæðinu undanfarnar vikur.

Eins og áður segir, er svæði sóknaráætlunar Norðurlands Eystra stórt, fjölbreytt og um margt mótsagnarkennt að því er varðar aðstöðu og áskoranir. Í skýrslu Byggðastofnunar segir svo um svæðið í heild sinni:

„Svæðið nær yfir 22.735 km, þar af eru 5.663 km eða aðeins 24,9% undir 200 m.y.s. Norðurland eystra afmarkast á Tröllaskaga að vestan af hreppamörkum sveitarfélaga í Skagafirði og að sunnan, á miðhálandinu, af hreppamörkum sveitarfélaga á Suðurlandi og Austurlandi. Svæðið er samfallandi með starfssvæði samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Eyþings, með aðild allra 13 sveitarfélaga með 29.018 íbúa 1. janúar 2012. Af þeim bjuggu 17.701 íbúi eða 61% á Akureyri sem er langfjölmennasti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins.“


Vegna þess hversu fjölbreytt svæðið er, er erfitt að meta stöðu þess út frá meðaltalstölum og þegar við bætist, að svæðismeðaltöl eru borin saman við landsmeðaltöl, þá segja þær tölur takmarkaða sögu um raunverulega stöðu. Hins vegar verður rýnt í ýmsa mikilvæga áhrifaþættir varðandi sókn á Norðurlandi eystra sem greina má úr fyrirbyggjandi gögnum.

¹ http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun_Nordurlands_eystra_2012.pdf

Fólksfjöldi og þéttleiki byggðar


Eitt skýrasta dæmið um mótsagnirnar á svæðinu er sá gífurlegi munur sem er á þéttleika byggðar innan svæðisins og kemur glöggst fram í eftirfarandi mynd úr skýrslu Byggðastofnunar:

Mynd 1 - Íbúafjöldi á Norðurlandi eystra á ferkílómetra 2012. Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ




Víða á austursvæði hefur myndast einskonar vítahringur fámennis og hnignunar sem að óbreyttu mun leiða til enn frekari röskunar. Þessi þróun kemur glöggst fram í eftirfarandi línuritum úr skýrslu Byggðastofnunar um þróun mannfjölda á þessum tveimur svæðum.

Mynd 2 - Íbúafjöldi á austur- og vestursvæði Eypings 1998-2012 - Heimild: Hagstofa Íslands



Sé horft til íbúapróunar, byggðastigs og samsetningar atvinnulífs má í megi atriðum skipta landshlutanum í fjögur svæði útfrá vinnusóknarsvæðum eins og þau hafa verið skilgreind af Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögum. Sbr. mynd 3.

Mynd 3 - Vinnusóknarsvæði á Norðurlandi eystra




Þannig má skilgreina eftirfarandi hluta á svæðinu í heild:

- Akureyri og nágrenni – stórt þéttbýli með íbúáþróun nálægt landsmeðaltali og fjölbreytt þjónustudrifið atvinnulíf.
- Út- Eyjafjörður – miðlungs stórt þéttbýli með neikvæða íbúáþróun og nokkra fjölbreytni í framleiðsludrífni atvinnulífi með staðbundna þjónustu.
- Suður- Þingeyjarsýsla – miðlungs stórt þéttbýli með neikvæða íbúáþróun og nokkra fjölbreytni í framleiðsludrífni atvinnulífi með staðbundna þjónustu.
- Norður- Þingeyjarsýsla – lítið þéttbýli með mjög neikvæða íbúáþróun og tiltölulega einhæft framleiðsludrifið atvinnulíf.

Þótt svo virðist sem þróun mannfjölda hafi verið hagstæð á Eyjafjarðarsvæði, á landshlutinn það þó sameiginlegt, að sem hlutfall af íbúafjölda landsins alls hefur hann gefið verulega eftir eins og fram kemur á mynd þrjú, sem fengin er úr sömu skýrslu. Í frekari sundurliðun sem fram kemur í skýrslunni má sjá mjög mikinn mismun að þessu leyti eftir einstökum stöðum.

Mynd 4 - Hlutfall íbúa Norðurlands eystra af þjóðinni allri 1998-2012 - Heimild: Hagstofa Íslands




Það kom glögg fram í umræðunni, að mikil tækifæri felast í þróun samskiptatækni sem getur breytt stöðunni ef ráðist yrði í stórfellda uppbyggingu netsambands á svæðinu. Það er því ekki að ófyrirsynju hversu mjög umræðan á samráðsvettvangi leiddi í ljós nauðsyn þess að grípa myndarlega til ráðstafana í því efni. Slíkt mundi hafa víðtæk áhrif á möguleika til menntunar, innri samskipta og miðlunar hvers konar, að ekki sé minnst á þróun og uppbyggingu atvinnustarfsemi.

Á fyrri stigum við mótun sóknaráætlana landshluta innan stefnumörkunarinnar Ísland 2020 var uppi hugmynd um að þær yrðu hluti af fjárfestingaráætlun ríkisins. Frá því var síðan horfið. Þó var árið 2011 lagt fyrir landshlutasamtök sveitarfélaga að skila inn tillögum að fjárfestingarverkefnum á árinu 2012. Stjórn Eyþings skilaði inn sex tillögum sem m.a. byggðu á hugmyndum frá „þjóðfundi“ landshlutans sem haldinn var 2010. Tvær af tillögum Eyþings hlutu brautargengi. Annars vegar um stofnun Norðurslóðamiðstöðvar Íslands sem nú hefur tekið til starfa undir heitinu Norðurslóðanet Íslands. Hins vegar verkefni um fjarskipti og gagnaflutninga á Norðurlandi eystra. Verkefnið var tekið til sérstakrar endurskoðunar í innanríkisráðuneytinu með hliðsjón af ýmsum lagaákvæðum og því hefur verkefnið enn ekki hafist. Gengið verður frá samningi við ráðuneytið á næstunni. Fyrsta skrefið mun væntanlega felast í úttekt á gæðum nettenginga og fleiri þáttum. Til ráðstöfunar í ár verða 15 m.kr. Tekið var mið af þessu við val verkefni í sóknaráætlun Eyþings fyrir árið 2013.

Atvinnuástand

Í heild verður atvinnuástand á Norðurlandi eystra að teljast gott miðað við landsmeðaltal, og skiptir þá ekki máli í þeim samanburði hvort um sé að ræða kyn- eða aldursbundið atvinnuástand. Eftirfarandi mynd sýnir stöðuna í heild, eins og hún kemur fram í skýrslu Bygðastofnunar:

Mynd 5 – Atvinnuleysi - Heimild: Hagstofa Ísland



Þessi mynd sýnir þó ekki nægilega vel hvernig málum er háttað í einstökum atriðum og því rétt að greina nánar stöðuna miðað við upplýsingar frá Vinnumarkaðsráði Norðurlands eystra, samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar í júní 2012, en hér er birt yfirlit yfir stöðuna eftir lýðfræðibreytum samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Soffíu Gísladóttur, forstöðumanni Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra:

Mynd 6 – Hlutfallsleg skipting atvinnuleitenda á Akureyri eftir lýðfræðilegum breytum

Heimild: Vinnumálastofnun Norðurlands eystra, desember 2012

□ 16-19 ára	2%	□ Stjórnendur	4%	□ Grunnskóli	57%
□ 20-24 ára	18%	□ Sérfræðingar	7%	□ Framhald ýmisk.	7%
□ 25-29 ára	15%	□ Sérmenntaðir	9%	□ Iðnnám	10%
□ 30-34 ára	17%	□ Skrifstofufólk	5%	□ Stúdent	10%
□ 35-39 ára	9%	□ Þjónustustörf	13%	□ Háskóla	15%
□ 40-44 ára	6%	□ Sölu- og afgr.störf	9%		
□ 45-49 ára	7%	□ Bændur / Fiskur	5%		
□ 50-54 ára	6%	□ Iðnaðarmenn	11 %		
□ 55-59 ára	7%	□ Vélafólk	3%		
□ 60-64 ára	7%	□ Verkafólk	32%		
□ 65-69 ára	5%	□ Annað/óvíst	1%		
□ Alls	100%				

Í þessum tölum kemur glögg fram veik staða aldurshóps 20 – 34 ára, en 50% atvinnuleitenda er á þessu aldursbili. Verkafólk sker sig úr að því er varðar atvinnuhópa og atvinnuástand fólks með grunnskólamenntun er áberandi verst, en 57% allra atvinnuleitenda í desember s.l. er fólk með grunnskólamenntun eingöngu. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar er staðan verri hjá konum í þessum hópi, en í heild var hlutfall kvenna í atvinnuleit 54%. Þó tölur á mynd 6 séu frá Akureyri eru þær um flest sambærilegar fyrir landshlutann í heild. Þegar litið er til menntunar er um að ræða mun. Á Akureyri eru 15% atvinnuleitenda með háskólamenntun en um 5% í dreifðari byggðum þar sem stærri hluti er með grunn- og iðnmenntun.

Sú staða sem hér kemur fram kallar á markvissa nálgun í uppbyggingu atvinnustarfsemi og símenntunar sem einkum miðar að því að koma til móts við fólk með grunnskólamenntun sem eru um margt kjarninn í mannauði næstu framtíðar, þ.e. fólk á aldrinum 20 – 34 ára. Í þessu sambandi er

rétt að hafa í huga orð eins og þau sem sett eru fram í eftirfarandi tilvitnun úr skýrslu Byggðastofnunar:

„Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Norðurlandi eystra um fjögur prósentustig. Þetta endurspeglar að hlutfall eldri árganga er almennt að vega þyngra og að landshlutinn hefur ekki náð að halda fólki á aldrinum 20-39 ára. (Bls. 13)“

Innviðir

Þegar litið er til innviða, er einkum staldrað við samgöngur og tækni, sem áður hefur verið vikið að, menntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu og verslun og almenna þjónustu.

Aðgengi að þjónustu er mjög mismunandi eftir einstökum svæðum á Norðurlandi eystra sem endurspeglar enn frekar mismunandi veruleika sem blasir við á svæðinu. Við bætist að svæðið er víðfeðmt og vegalengdir miklar og færð misjöfn á vetrartíma. Með samgöngubótum á landi er hins vegar ljóst, að svæðið mun „minnka“ og möguleikar til þess að mynda eitt samhangandi atvinnusvæði munu aukast. Niðurstaða skýrslu Byggðastofnunar að þessu leyti er að „stytting ferðatíma, vegstyttingar og samgöngubætur, breyta vinnu- og þjónustusókn og þar með búsetuskilyrðum. Ferðatími er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir“ (bls. 18).

Tæknilegir innviðir svæðisins, einkum á sviði orkuflutninga og samskipta, eru ekki til þess fallnir að styðja við sókn og uppbyggingu, auk þess sem óviðunandi netaðgangur hamlar margskonar möguleikum og tækifærum sem eru fyrirbyggjandi. Þetta hefur verið fjallað um áður og tengist öllum þeim þáttum sem hér eru til umfjöllunar.

Þegar litið er til svæðisins í heild, verður að telja innviði menntunar trausta, með því að á svæðinu er rekin menntaþjónusta frá grunnmenntun til háskólastigs með rannsóknum. Hins vegar er aðgengi að menntun, einkum símenntun ekki sem vera skyldi, og ráða þar möguleikar til fjarnáms og hvers konar rafrænnar nálgunar miklu. Ljóst er að það verður mikilvægt áhersluatriði í sóknaráætlun fyrir landshlutann að móta framboð símenntunar og þjálfunar, einkum fyrir fólk með grunnskólamenntun, en um leið að finna leiðir til þess að miðla þessari menntun með sem aðgengilegustum hætti.


Atvinnustarfsemi

Eins og fram kemur í tölum um atvinnuástand, þá stendur atvinnustarfsemi um margt traustum fótum á svæðinu þegar borið er saman við landsmeðaltal. Enn og aftur gefur sú staða ekki nægilega góða heildarmynd, því aðstæður eru mjög mismunandi eftir svæðum. Segja má að í atvinnulegu tilliti megi skipta landshlutanum í þrennt: Sjávarbyggðir, Akureyri og nágrenni og dreifbýli sem byggir á landbúnaði og ferðaþjónustu. Einkum er staðan í hinum dreifðu byggðum svæðisins og á jaðarsvæðum erfið, en á öðrum stöðum er ástand betra og möguleikar til frekari sóknar vissulega fyrir hendi að óbreyttu.

Þrátt fyrir þetta liggur svæðið undir landsmeðaltali í nýskráningu fyrirtækja sem telja má ákveðinn mælikvarða á nýsköpun og þróun. Eftirfarandi mynd sýnir þróunina að þessu leyti:


Mynd 7 - Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1000 íbúa 1999-2011

Heimild: Hagstofa Íslands



Norðurland eystra hefur nokkuð annan prófil en landsmeðaltal, eins og vænta má, þegar litið er til skiptingar framleiðslu eftir atvinnugreinum. Einkum eru það sjávarútvegur og landbúnaður sem hefur meira hlutfallslegt vægi en landsmeðaltal, en einnig er athyglisvert, að opinber þjónusta hefur meira vægi jafnframt. Nánar má sjá þessa skiptingu á eftirfarandi línuriti úr skýrslu Byggðastofnunar:

Mynd 8 - Skipting framleiðslu á atvinnugreinir 2009 - Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2009



Það liggur fyrir, að á svæðinu eru öflugustu fyrirtæki landsins í sjávarútvegi og meðal þeirra fremstu á sviði landbúnaðar. Ferðaþjónusta stendur jafnframt traustum fótum. Sá grunnur sem liggur fyrir í þessum greinum bæði að því er varðar verk- og viðskiptaþekkingu stendur á gömlum merg og er sá grunnstyrkur sem standa mun undir atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Hins vegar er það ótvítætt hamlandi þáttur hversu beinar flutningaleiðir á erlenda markaði eru takmarkaðar. Þetta á við möguleika í fullvinnslu matvæla ekki síður en ferðaþjónustu og gerir erfitt

fyrir að markaðssetja landshlutann. Tækifærin til beinnar markaðssetningar eru hins vegar mjög mikil í ljósi landfræðilegrar legu og náttúrugæða, þannig að í því efni liggja miklir möguleikar.

Samantekt og niðurstöður

Mynd 9 – Styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri

SVÓT greining fyrir Eypingssvæðið

STYRKUR

- Rík hefð og styrkur í sjávarútvegi og landbúnaði þar sem fyrir hendi er bæði mikil verk- og viðskiptareynsla
- Góð grunnþjónusta, félagsleg samkennd og gott umhverfi til að ala upp börn.
- Góð aðstaða til alþjóðlegra samgangna, bæði hafnaraðstaða og flugvöllur.
- Orkuauðlindir og möguleikar tengdir þeim
- Gott og stöðugt vinnuafli
- Mikil þekking á ferðaþjónustu og margvíslegir möguleikar á því sviði

VEIKLEIKAR

- Fjarlægð frá stærstu markaðssvæðunum
- Erfiðar innri samgöngur
- Fjarskipti og netsamband óviðunandi
- Mikil árstíðasveifla í ferðaþjónustu
- Aðgengi dreifbýlis að fjölbreyttri símenntun, endurmenntun og háskólamenntun
- Skortur á beinum samgöngum við útlönd

ÓGNANIR

- Óheillahringur: Vantar atvinnu>vantar fólk til að skapa atvinnu>til að fá fólk
- Skortur á sýnileika í alþjóðasamhengi og þar með veik staða til markaðssetningar á stórum mörkuðum
- Léleg fjarskipti og nettengingar gera erfitt um vik í uppbyggingu, nýsköpun og auknu samstarfi
- Misvægi í tækifærum á vinnumarkaði þar sem tilteknir hópar standa illa að vígi
- Óvissa í rekstrarumhverfi sjávarútvegs vegna fyrirhugaðra breytinga á stjórnun fiskveiða

TÆKIFÆRI


- Grunnstöðir menntakerfis fyrirbyggjandi allt upp í háskólastig
- Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á Norðurslóðasvæði
- Eftirsótt svæði í ferðamennsku og fjölbreyttir möguleikar á því sviði
- Nálægð við fiskimiðin ásamt þekkingu og reynslu á veiðum og vinnslu ýmissa fiskistofna.
- Nálægð við ósnortna og sérstæða náttúru.
- Öflug landbúnaðarsvæði sem geta nýtt sér aukinn áhuga og eftirspurn eftir matvælum með þekktan uppruna

Framtíðarsýn

Í umræðum samráðsvettvangs var rætt um inntak sóknaráætlunar á forsendum svæðisins. Í þeirri umræðu var sett fram framtíðarsýn Eypings, um svæði sem einkenndist af öfluglu og sjálfbæru atvinnu- og mannlífi með góðum innbyrðis tengingum og beinum samgöngum við umheiminn. Menning og hugarfar einkenndist af samvinnu og sameiginlegum markmiðum þar sem byggt yrði á fjölbreytni og staðbundnir styrkleikar nýttir til hins ýtrasta. Með því að efla samstarf og miðlun innbyrðis væri byggt á sterkri sjálfsmynd og öflugri liðsheild til þess að efla stöðu svæðisins í heild í íslensku samfélagi

Nánar tiltekið væri gert ráð fyrir því að helstu einkenni svæðisins væru samkvæmt því sem sýnt er á eftirfarandi stefnumýrliti:

Mynd 10 – Helstu stoðir í framtíðarsýn Eypings



Stefna í helstu málum


Á vegum Eypings hefur verið unnið að stefnumótun á ákveðnum sviðum og á svæðinu er jafnframt unnið að tilteknum stefnumótandi verkefnum s.s. flugklasa og norðurslóðaverkefni svo dæmi séu tekin. Þau verkefni sem gerð er tillaga um hér á eftir eiga sér öll skírskotun í fyrirliggjandi stefnu á sviði atvinnuþróunar, menningarmála og markaðsmála, en jafnframt er lagt til að ræða á sameiginlegum vettvangi heildstæða símenntunarstefnu sem tengist bæði menntastofnunum svæðisins, atvinnulífi og símenntunarstöðvum.

Verkefnatillögur samráðsvettvangs

Eins og áður segir, var haldinn 55 manna fundur samráðsvettvangs Eypings til þess að undirbúa þá sóknaráætlun sem hér er sett fram. Fram komu fjölmargar ábendingar og tillögur um verkefni og hefur allt efni fundar samráðsvettvangs verið tekið saman í sérstakri fundargerð. Á fundinum var unnið á 7 borðum þar sem hvert borð hafði ákveðið meginumræðuefni: Innviði og aðstöðu (landfræðilegar, samgöngur, fjarskipti o.fl.), þjónustu við íbúa og atvinnustarfsemi (heilbrigðismál, verslun o.fl.), menntamál, menningarmál, markaðsmál (í viðum skilningi) og loks tvö borð með atvinnumál og nýsköpun. Verkefnum var jafnframt forgangsraðað og sett fram þrjú forgangsverkefni að jafnaði í þeim málaflokkum sem til umræðu voru. Í lok þessarar samantektar er yfirlit sem sýnir þau forgangsverkefni sem sett voru fram. Þau voru m.a. metin með tilliti til ávinnings fyrir svæðið í heild, en jafnframt voru helstu hindranir tilteknar.

Í lok fundar samráðsvettvangs var skipaður sjö manna vinnuhópur til að fara yfir tillögur sem settar eru fram hér á eftir. Í hnotskurn má setja fram tillögur hópsins með eftirfarandi hætti með tilliti til þess hvernig þær tengjast framtíðarsýn og stefnuáherslum í sóknaráætlun Eypings og eru um leið liður í stærri verkefnum í síðari stigum. Á mynd 11 er eitt verkefni sem ekki er sérstaklega tiltekið, en snertir kjarna áætlunarinnar um skýra sjálfsmynd og afl til framfara, er að undirbúa öfluga fjölmiðlun á öllu svæðinu þar sem unnt er að miðla upplýsingum og efni innan svæðisins ekki síður en að skapa svæðinu sterka rödd út á við og efla þannig sjálfsmynd og ímynd svæðisins bæði inn á við og út á við.

Mynd 11 – Heildarmyndin og tillögur til verkefna á þessu ári



Verkefni

Eftirfarandi er yfirlit yfir þau verkefni sem tillaga er gerð um að styrkja með því fjárframlagi sem fyrirheit er um á þessu ári. Verkefnin eru sett fram í því formi sem kveðið er á um í leiðbeiningum um gerð sóknaráætlunar. Framkvæmd verkefna miðast því eingöngu við árið 2013.

Atvinnumál og nýsköpun/markaðsmál

Heiti verkefnis	Norðurland hlið inn í landið
Stutt verkefnalýsing	Koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll til lengri tíma. Auðvelda þannig aðgengi erlendra ferðamanna að Norður- og Austurlandi og bæta um leið möguleika fólks á svæðinu til beinna erlendra flugsamgangna af svæðinu.
Markmið	Fjölga erlendum ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvalartíma þeirra vegna þess að þeir koma beint inn á svæðið. Bæta dreifingu ferðamanna um landið með því að opna á tækifæri fyrir þá að koma beint norður.
Árangursmælikvarðar	Fjöldi ferðamanna í beinu millilandaflugi
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Stefna og verkefnaáætlun fyrirbyggjandi auk áætlunar um aðgerðir
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Framkvæmd verkefnis hafin á grundvelli verkefnaáætlunar
Heildarkostnaður	Heildarkostnaður verkefnis Air 66N til 5 ára er áætlaður 206 mkr. Þessi hluti verkefnisins er áætlaður um 45 mkr og er þá gert ráð fyrir að hægt verði að ljúka samningi um að beint flug verði reynt í 2 ár af hálfu öflugs flugfélags yfir ákveðið tímabil sem samið verður um.
- þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði	15.000.000
Ábyrgðaraðili	Eyþing
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Norðurlands / Flugklasinn Air 66N, (Sveitar-félög, ISAVIA, fyrirtæki, atv.þr.félög, Nýsköpunar-miðstöð o.fl.)
Samstarfsaðilar	Ferðapjónusta á svæðinu, ISAVIA, fyrirtæki og atvpr.fél
Verktími	Gert er ráð fyrir að hefja verkið um leið og fjármagn er tryggt til verksins. Áætlað að ávinningur fari að skila sér á árinu 2014 miðað við að markaðssetning hefjist á komandi hausti. Gert ráð fyrir að undirbúningsvinna hefjist í byrjun maí næstkomandi og standi fram eftir ári

Heiti verkefnis	Orkuauðlindasamstarf (klasaundirbúningur)
Stutt verkefnalýsing	Samstarf aðila og greining framtíðartækifæra í eldsneytisframleiðslu á svæðinu. Kortlagning allra orkuvalkosta á svæðinu s.s. vatnsafls, jarðvarma, metans, lífdísels og olíuframleiðslu úr plastúrgangi. Gert ráð fyrir að sameina í einum farveg og ljúka yfirstandandi kortlagningu á svæðinu í heild. Með þessu er stefnt að fjölgun verðmætra starfa, gjaldeyrissparnaði og ávinningi í umhverfismálum
Markmið	Stofna klasa um orkuauðlindasamstarf.
Árangursmælikvarðar	Klasinn stofnaður með formlegum hætti
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Kortlagning á stöðu og möguleikum fyrirbyggjandi
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Stofnun klasa hefur átt sér stað með skilgreindum samstarfsaðilum með fyrirbyggjandi sameiginlegri stefnu þeirra og markmiðum
Heildarkostnaður	5.000.000 auk vinnuframlags samstarfsaðila.
- þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði	5.000.000
Ábyrgðaraðili	Eyþing
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélögin á svæðinu
Samstarfsaðilar	(HA, Orkustofnun, Orkufyrirtæki, verkfræðistofur og aðrir hagsmunaaðilar)
Verktími	Gert ráð fyrir að vinna við úttekt fyrirbyggjandi verkefna á þessu sviði og samræmda kortlagningu hefjist í maí næstkomandi. Áætlaður verktími fram að stofnun klasa 8 mánuðir

Menntamál

Heiti verkefnis	Náin tengsl atvinnulífs og menntunar – ný nálgun í símenntun
Stutt verkefnalýsing	Efla verk- og tæknimenntun á öllum skólastigum með því að greina hvaða lágmarksgrunn fólk þarf að hafa til að halda áfram í raungreinánám. Útbúa námskrá sem mætir þeim þörfum, tengist upplýsingatækni, hugbúnaðarþróun og þróun í nánnum tengslum við atvinnulífið.
Markmið	Uppfylla betur þarfir atvinnulífsins og fjölga fyrirtækjum með því að bjóða upp á menntun sem styður við styrkingu og vöxt á svæðinu. Markmiðið er að ná til fólks, sem er eingöngu með grunnmenntun og laða það að námi og störfum í tæknigreinum.
Árangursmælikvarðar	Greining á lágmarksmenntunargrunni í raungreinánám Tillaga að námskrá tilbúin til reynslukennslu Greining á nauðsynlegri kennsluaðstöðu og uppsetning hennar.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Greining á menntunargrunni í raungreinánám liggur fyrir. Tillaga að kennslufræðinálgun liggur fyrir. Samtal við fulltrúa menntastofnana og atvinnulífs á svæðinu hefur átt sér stað.
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Tillaga að námskrá liggur fyrir tilbúin til reynslukennslu ásamt nauðsynlegum búnaði og aðstöðu.
Heildarkostnaður	12.595.000. Afmarkað verkefni. Ákvarðanir um framhald s.s. tækjakaup verða teknar að því loknu. Fáir Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) jákvæða afgreiðslu á umsókn sinni um IPA styrk til eflingar verk- og tækninámi, verða tengsl við það verkefni.
- þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði	12.595.000
Ábyrgðaraðili	Eyþing
Framkvæmdaaðili	SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga
Samstarfsaðilar	(Menntastofnanir og atvinnulíf á svæðinu)
Verktími	Gert ráð fyrir að undirbúningur námsskrár hefjist í maí næstkomandi og standi yfir fram á haust þegar hafist verður handa við kennslu 1. áfanga.

Fjölmiðlun – snertir alla þætti

Heiti verkefnis	Kynningarefni og fjölmiðlun
Stutt verkefnalýsing	Samningar við sjónvarpsmiðilinn N4 um framleiðslu og dreifingu sjónvarpsefnis um málefni og atburði í Eyþingi. Efla með því fjölmiðlun af svæðinu til að kynna og markaðssetja möguleika þess bæði í leik og starfi. Styrkja ímynd svæðisins, skapa möguleika fyrir vöxt á sviði fjölmiðlunar á svæðinu. Með aukinni upplýsingamiðlun bæði innbyrðis er stefnt að því að styrkja sjálfsmynd þess og gefa rétta mynd af þeim tækifærum sem það býður upp á.
Markmið	Auka framleiðslu á sjónvarpstengdu kynningarefni sem tengist lífi og starfi á svæði Eyþings
Árangursmælikvarðar	Birt efni og áhorf
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Lokið 2/3 hluta verkefnis samkvæmt skilgreiningu í samningi
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Upphafsverkefni verkefni samkvæmt skilgreiningu samstarfssamnings
Heildarkostnaður	10.000.000
- þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði	10.000.000
Ábyrgðaraðili	Eyþing
Framkvæmdaaðili	N4
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög
Verktími	Gert ráð fyrir að samningur verði frágenginn í maí næstkomandi og standi út þetta ár

Menningarmál

Heiti verkefnis	Grunngerð og mannauður
Stutt verkefnalýsing	Greining og kortlagning á grunngerð og mannauði á svæðinu í menningarstarfi. Skapa yfirsýn yfir styrkleika, veikleika og tækifæri og móta með því grunn að faglegri úthlutun fjármagns sem mun koma í málaflokkinn. Verkið verður unnið með öðrum menningarfulltrúum landshlutanna með það að markmiði að allir geti sammælt um hvernig gögnum verði safnað. Söfnun og kortlagningu gerur síðan hvert menningarráð framkvæmt þegar þeim hentar.
Markmið	Kortleggja grunnverð og mannauð alls svæðisins og gera aðgengilegt á Netinu.
Árangursmælikvarðar	Að innan ársins verði lokið kortlagningu sem verður aðgengileg fyrir alla
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Útfærsla á söfnun upplýsinga lokið. Úfærsla á miðlun á vef á lokastigi. Söfnun upplýsinga á upphafsstigi.
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Heildaryfirlit yfir grunngerð og mannauð aðgengilegt á vefnum.
Heildarkostnaður	4.000.000. Afmarkað verkefni. Síðar kostnaður vegna uppfærslu og eftirfylgni.
- þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði	4.000.000
Ábyrgðaraðili	Eyþing
Framkvæmdaaðili	Menningarráð Eyþings
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á svæðinu og önnur sveitar-félög sem vinna sambærilega vinnu
Verktími	Gert ráð fyrir að hefja undirbúning verksins í maí næstkomandi. Ráðning starfsmanns í verkið áætluð í júl/ágúst. Áætlað að ljúka skila lokaafurð fyrir lok þessa árs

Heiti verkefnis	Aftur heim
Stutt verkefnalýsing	Verkefnið miðar við að auka búsetugæði með aukinni fjölbreytni í menningu og afþreyingu. Um leið að hækka menntunar- og þekkingarstig sem gerir svæðið meira aðlaðandi til búsetu og heim að sækja. Verkefni byggir á að bjóða menntuðu fólki 20 - 35 ára að vera með verkefni á heimaslóðum. Fjármagni deilt út til umsækjanda eftir reglum. Hluti fjármagns fer í umgjörð, gagnagrunn (heimasíðu) auglýsingar, kostnað vegna kynningarfunda með væntanlegum þátttakendum (Akureyri og RVK.) auk funda verkefnastjórnar við undirbúning og úthlutun til þátttakenda.
Markmið	Fjölga listmenntuðu fólki sem starfar í jaðarbyggðum Eyþings og fjölga listviðburðum á þessum stöðpm.
Árangursmælikvarðar	Fjöldi þátttakanda í verkefninu sem og fjöldi viðburða og dreifing þeirra um svæðið
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Skráning þátttakanda langt komin en er þó opið fyrir skráningu allan tíma sem verkefnið er við lýði. Heimasíða komin í loftið og eitt ferli umsóknar (verkefnastyrkir og ferðastyrkir).
Lokafurð – forsenda lokagreiðslu	Afgreiddar fyrstu 5 umsóknirnar
Heildarkostnaður	7-8 milljónir kr. auk vinnuframlags Menningarráðs, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Mismunur heildarkostnaðar og framlags úr sóknaráætlun kemur frá Menningarráði Eyþings.
- þ.a. framlag úr sóknaráætlunarsjóði	4.000.000
Ábyrgðaraðili	Eyþing
Framkvæmdaaðili	Menningarráð Eyþings
Samstarfsaðilar	(Atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög)
Verktími	Gert ráð fyrir að hefjast handa í maí, en að fyrstu viðburðir og verkefni fari af stað á vordögum. Áfram verði unnið að samræmdu ferli og kynningu sem gert er ráð fyrir að standi út þetta ár


Yfirlit yfir tillögur um forgangsverkefni frá fundi samráðsvettvangs

Eftirfarandi er heildaryfirlit yfir þau forgangsverkefni sem fram komu á fundi samráðsvettvangs. Eins og sést á meðfylgjandi yfirliti hefur verið leitast við að meta huglægt ávinning og hindranir, en jafnframt má greina, að mörg verkefnanna lúta að svipuðum hlutum, t.d. varðandi beina tengingu Akureyrarsvæðis við umheiminn og hugmyndir um símenntun. Hins vegar er um að ræða verkefni sem unnin eru á öðrum vettvangi, einkum þau er lúta að innviðum.

Þessi verkefni eru hér aðeins sett fram til kynningar. Um þau er einnig fjallað í sérstakri fundargerð frá samráðsvettvanginum 4. febrúar 2013 í samantekt Bjarna Snæbjarnar Jónssonar.

Mynd 12 – Forgangsverkefni frá samráðsvettvangi – ávinningur og flækjustig

Framfaraverkefni í Eyþingi - forgangsmál A



Ath.: Verkefni í **grænu letri** virðast við fyrstu sýn aðgengileg, þó etv. með einni undantekningu (nr. 3), verkefni í **bláu letri** virðast flóknari og viðameiri og gjarnan hluti af stærri verkefnum. Verkefni í **rauðum lit** snúa frekar að innviðum